

N.O.W.

NOW – New Opportunities for Women er samevrópskt tengslanet styrkt af Erasmus+ sem tengir konur á Íslandi, Bretlandi, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Kýpur, Portúgal og Spáni.

Tengslanetið er hannað til að bjóða upp á ráðgjöf og þjálfun og til að valdefla konur af erlendum uppruna. Verkefnið snýr ekki aðeins að konum heldur einnig að körlum og veitir þeim þekkingu og reynslu til að styrkja konur.

Lykilatriði í verkefninu er að skoða leiðtogahlutverkið í sinni víðustu mynd. Við fáum innsýn inn í starf kvenleiðtoga, hvernig við byggjum upp sjálfsöryggi og ákveðni, hvernig við getum þróað hæfileika okkar í starfi og gripið tækifærin þegar þau gefast. Verkefnið snýst að því að skapa leiðtoga í daglegu lífi.

Litið til framtíðarinnar

NOW verkefninu var hrint af stað í október 2009, þegar samstarfslöndin hittust í fyrsta sinn til að ræða hvernig við gætum skapað námsefni og fræðslu til að styrkja konur og hvetja leiðtoga framtíðarinnar.

Skömmu eftir að verkefnið hófst skall heimsfaraldur COVID-19 á og gjörbylti lífi okkar allra. Nýjar starfsaðstæður efldu samstarf okkar allra, löndin unnu að því að hanna námsefni og halda námskeið á rafrænum vettvangi og verkefnið varð sterkara fyrir vikið. Mikil gleði var þegar okkur tókst að halda síðasta fund samstarfsaðilanna í raunheimum, hér í Reykjavík. Þetta er þó ekki endalok verkefnisins, námsefnið er allt varðveitt á vefsíðu Kvenréttindafélagsins og á vefsíðu verkefnisins. Sjáumst þar!



Mynd frá [Edge0308](#) á [Unsplash](#)

Fylgstu með NOW: Taktu þátt í samtalinu á samfélagsmiðlum og á vefsíðunni!

Þau átta lönd sem standa að NOW hafa hannað námsefni sem konur geta nýtt sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu. Námsefnið er ætlað fyrir allar konur, sérstaklega konur af erlendum uppruna. Þið getið tekið þátt í samtalinu á LinkedIn þar sem sérfræðingar í löndunum átta deila góðum ráðum. Og þið getið stundað sjálfsnám á vefsíðunni okkar þar sem er að finna rafræn námskeið. Þessi vefsvæði eru lykillinn að því að samtalið haldi áfram, þrátt fyrir að verkefninu sé formlega lokið.

Viltu vera memm? Finndu okkur hér:

Námskeið - <http://nowmooc.eu/>

NOW LinkedIn -

<https://www.linkedin.com/company/now-eu>